

Velkomin í heilsuleikskólann Fífusali 😊

Deildin þín heitir

Beinn sími deildarinnar er

Deildarstjórinn heitir

Annað starfsfólk deildarinnar heitir

Það sem þarf að taka með sér í aðlögun er:

- Snuð og/eða bangsi fyrir hvíld
- Aukaföt í kassa frammi í fataklefa
- Útiföt eftir veðri
- Það þarf ekki að koma með bleiur eða blautþurrkur í leikskólann, leikskólinn skaffar það en foreldrar borga mánaðarlega í bleiusjóð til leikskólans

| | |
|---|--|
| <p>Aukaföt sem þurfa að vera í kassa barnsins:</p> <p>Buxur Peysa Nærföt/samfella Sokkar 2 pör Sokkabuxur Bolur</p> | <p>Útiföt í hólfi barnsins:</p> <p>Kuldagalli Regnföt Stígvél Kuldaskór Hljý peysa Húfa Vettlingar (helst 2 pör) Ullarsokkar</p> |
|---|--|

Þátttökuaðlögun

Þátttökuaðlögun byggir á þeirri kenningu að börn og foreldrar læri að vera í leikskólanum saman. Byggja upp sameiginlegan grunn (öryggi og traust milli foreldra, barna og leikskólans). Þátttökuaðlögun

er hugsuð þannig að foreldri smiti öryggiskennd og forvitni yfir til barnsins.

Dagur 1

Foreldrar og börn mæta í leikskólann klukkan 9:00, foreldrarnir sjá um að sinna öllum líkamlegum þörfum barnanna. Við sýnum foreldrum en tökum ekki verkin af þeim. Á þessum degi fara foreldrar með börnum sínum í hvíldina ásamt kennara deildarinnar. Eftir kaffitíma er farið út að leika og lýkur deginum kl. 15:00

Dagur 2

Dagur 2 er eins og dagur fyrsti dagurinn nema að við förum út að leika fyrir matinn og kennarar deildarinnar sjá um hvíldina. Foreldrar fara á meðan á hádegisfund með leikskólastjórunum og fá upplýsingar um starf leikskólans.

Dagur 3

Dagur þriðji hefst eins og dagarnir á undan. Foreldrar og börn mæta saman kl. 09:00 og leika inni fram að útiveru. Í útiverunni kveðja foreldrar börnin og fara. Þeir koma aftur áður en barnið vaknar og eru með barninu sínu til kl. 15.00

Dagur 4

Barnið mætir í sinn vistunartíma. Mjög gott að stytta daginn í lokin ef hægt er. Dagur 4 og 5 geta verið erfiðir en hópurinn er yfirleitt kominn í jafnvægi eftir viku til 10 daga.

Ef ykkur liggur eitthvað á hjarta, ekki hika við að tala við deildarstjóra barnsins og við finnum lausnir í sameiningu.

Með von um gott samstarf,
starfsfólk Fífusala.